

BORGARRÁÐ 20.7.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina varðandi framkvæmdir á Landsímareit - R17070048

Lagt er til að í ljósi fornleifafunda við Landsímahúsið verði áform um framkvæmdir á reitnum endurskoðuð. Horfið verði frá því að reisa fyrirhugað stórhýsi í hinum forna Víkurgarði, elsta kirkjugarði Reykjavíkur, enda hefur nú komið í ljós að byggingarreiturinn nær inn í kirkjugarðinn. Þess í stað verði leitast við að forðast menningarlegt tjón, jafnvel stórslys, með því að vernda hinn forna kirkjugarð og þær fornleifar sem þar er að finna. Í garðinum verði jafnframt sett upp minningarmörk um hina framliðnu ásamt söguskilti og með því verði almenningi gefinn kostur á að skynja við útivist í garðinum hina miklu helgi og sögu sem þessi staður, réttnefndur nafli Reykjavíkur, geymir. Leitast verði við að gera nauðsynlegar breytingar í þessu skyni í samráði og sátt við þann aðila, sem hyggur á uppbyggingu á reitnum samkvæmt núgildandi skipulagi. Greinargerð fylgir tillögunni.



Þriðjudagur, 07. nóvember 2017

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tilvísun í mál nr. R17070048 þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um neðan greinda tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina varðandi framkvæmdir á Landsímareit.

BORGARRÁÐ 20.7.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina varðandi framkvæmdir á Landsímareit

Lagt er til að í ljósi fornleifafunda við Landsímahúsið verði áform um framkvæmdir á reitnum endurskoðuð. Horfið verði frá því að reisa fyrirhugað stórhýsi í hinum forna Víkurgarði, elsta kirkjugarði Reykjavíkur, enda hefur nú komið í ljós að byggingarreiturn nær inn í kirkjugarðinn. Þess í stað verði leitast við að forðast menningarlegt tjón, jafnvel stórslys, með því að vernda hinn forna kirkjugarð og þær fornleifar sem þar er að finna. Í garðinum verði jafnframt sett upp minningarmörk um hina framliðnu ásamt söguskilti og með því verði almenningi gefinn kostur á að skynja við útivist í garðinum hina miklu helgi og sögu sem þessi staður, réttnefndur nafli Reykjavíkur, geymir. Leitast verði við að gera nauðsynlegar breytingar í þessu skyni í samráði og sátt við þann aðila, sem hyggur á uppbyggingu á reitnum samkvæmt núgildandi skipulagi.

Umsögn


Gildandi deiliskipulag fyrir svæðið er breyting á Kvosarskipulaginu frá 1986-1987 sem samþykkt var 12.7. 2013. Deiliskipulagstillaga var unnin í framhaldi af niðurstöðu tveggja þrepa alþjóðlegrar samkeppni. Í megin atriðum var breytingartillagan „verndunartillaga“ þar sem gert var ráð fyrir að öll eldri húsin á reitnum fengu að standa og að nýbyggingar myndu taka mið af mælikvarða og byggðamynstri umhverfis Ingólfstorg. Jafnframt var gert ráð fyrir að Víkurgarður yrði hverfisverndaður sem fjölnota almenningsgarður/torg. Aðrar breytingar á núverandi húsum miðuðu að því heimila lítilsháttar hækkun þaka og byggingu kvista, sem gæfu möguleika á betri nýtingu húsanna. Heimild til nýbyggingar að Kirkjustræti var nánast óbreytt frá Kvosarskipulaginu.

Minjastofnun lagði fram umsögn þar sem gerð er athugasemd við breytingar á þakhæð Thorvaldsensstræti 4-6 og áréttar hana nú ásamt athugasemd við þakstefnu nýbyggingar í götummynd að Vallarstræti. Minjastofnun telur jafnframt að kanna þurfi með fornleifa uppgrefti allt það svæði sem fyrirhugað er að raska. Stofnunin hefur fjallað um og yfirfarið umsóknir er varða Aðalstræti 7, Vallarstræti 4, Thorvaldsensstræti 2 (Nasa salinn) og 6 og gerir ekki athugasemd við þær m.a. breytingar á skilmálum fyrir salinn, niðurrif hússins frá 1967 og flutning á heimild til byggingu kjallara.

Sú tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi sem nú er til umfjöllunar snýr annars vegar að lítilsháttar skilmálabreytingum sem fela í sér leiðréttingar og hliðrun einstaka byggingahluta sem rúmast innan núverandi byggingareita lárétt og lóðrétt. Hins vegar er einnig heimilud endurbygging Thorvaldsenstrætis 6 (hús byggt 1967). Skilmálar fyrir Víkurgarð eru óbreyttir. Sú breyting sem nú er verið að gera á gildandi skipulaginu snýr ekki að áætlaðri nýbyggingu við Kirkjustræti.

Fyrir liggur bráðabirgða niðurstaða fornleifarannsóknar á 2000 m² svæði sem fram fór sumarið 2017. Svæðin sem skoðuð voru eru **Svæði A og B** fyrir framan nýja Landsímahúsið, milli Thorvaldsenstræti og Fógetagarðs. 900 m², **svæði C**: Sundið og portið milli Aðalstrætis 7 og Vallarstrætis 2. 700 m² og **svæði D**: Gamli kvennaskólinn og Nasa við Thorvaldsenstræti. 200 m². Samkvæmt Völu Garðarsdóttur fornleifafræðingi sem stýrði uppgreftri á reitnum framan við Landsímahúsið var í upphafi rannsóknarinnar lagt af stað með þá sameiginlegu sýn með Minjastofnunar að ef órofin kirkjugarður kæmi í ljós í uppgrafterlinu þá yrði framkvæmdum hætt. Svo reyndist ekki vera því þegar á leið rannsóknina hafi komið í ljós að margra ára og áratuga jarðrask hafi þegar valdið miklu tjóni á þeim minjum sem á svæðinu liggja og lítið samhengi í þeim að finna og því hafa minjarnar takmarkað gildi. Öll mannvistarlög í á umræddu svæði voru fjarlægð í rannsóknarferlinu. Það var m.a. gert vegna ástands þeirra og í þeirri fræðilegu von að geta kannað betur undirliggjandi eldri mannvistarminjar frá 9 og 10 öld sem einnig hafi verið mjög brotakenndar og ómögulegt að sjá samhengi þeirra, umfang og eðli.

Til stendur að fara í hugmyndaleit í samstarfi við Minjastofnun um endurbætur á Víkurgarði/Fógetagarði þar sem m.a. er stefnt að því að gera þessum fyrrum kirkjugarði og 1200 ára menningar- og búsetusögu Reykvíkinga hátt undir höfði samhliða því að þjóna borgarbúum sem gott almenningsrými hér eftir sem hingað til. Víkurgarður í núverandi mynd fellur undir hverfisvernd og munu hönnunarforsendur taka mið af því í öllum útfærslum og framkvæmdum á svæðinu. Ekki verður annað séð en hægt verði að ná fram þeim markmiðum um að draga fram og styrkja menningarsögulegt gildi Víkurgarðs sem forns kirkjugarðs með þeim endurbótum og aðgerðum sem til stendur að ráðast í á svæðinu í kjölfar hugmyndaleitarinnar samhliða uppbyggingu á Landsímareit í samræmi við gildandi deiliskipulag.



Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi

ⁱ <http://landssimareitur.is/greinar/virding-fyrir-so%CC%88gunni-og-stadreyndum/>